

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um samgöngumiðstöð í Reykjavík.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður undirbúningi að byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Reykjavík?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um eignar- og rekstraraðila og ef svo er, hverjir verða þeir?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um fjármögnun framkvæmdarinnar og rekstrarform? Ef svo er, hvernig verður fjármögnun og rekstri háttað?
4. Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og samgöngumiðstöðin verði tekin í notkun?
5. Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í nýju miðstöðinni?
6. Verður gert ráð fyrir afgreiðslu fleiri flugfélaga en rúmast í núverandi flugafgreiðslu á Reykjavíkurflugvelli?

Skriflegt svar óskast.